

Nefndasvið Alþingis,  
b.t Steingríms J. Sigfússonar,  
formanns sjávarútvegsnefndar,  
Þórshamri v/ Templarasund,  
150 Reykjavík.

Kópavogi, 28. apríl 1997  
Tilv. nr. 1860

**Efni: Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhhelgi Íslands, 493. mál - umsögn.**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 8. apríl 1997 varðandi ofangreint málefni.

Í 5. gr frumvarpsins er lagt til að miðað verði við mestu lengd fiskiskipa og afkastagetu þeirra og að við ákvörðun afkastagetu verði miðað við svonefndan aflvísi. Lagt er til að Fiskistofa haldi skrá yfir aflvísa íslenskra fiskiskipa, en Siglingastofnun mælir og skráir mestu lengd þeirra.

Að mati Siglingastofnunar er óæskilegt að miða við mestu lengd skipa. Reynslan sýnir að í vissum tilvikum hafa menn gripið til ýmissa ráða til að breyta mestu lengd skipa, m.a. skorið af stefni og skut og þar með jafnvel breytt sjóhæfni þeirra til verri vegar. Siglingastofnun leggur því til að í stað þess að miða við mestu lengd verði miðað við skráningarlengd eins og hún er skráð í skipaskrá stofnunarinnar.

Varðandi útreikning á aflvísi skipa leggur Siglingastofnun til að, í stað þess að miða við skráð vélarafi skipsins í hestöflum, verði miðað við skráð afl aðalvéla í kW eins og það er skráð í skipaskrá stofnunarinnar.

Framangreindar athugasemdir vekja reyndar upp þá spurningu, hvort eðlilegt sé að tvær ríkisstofnanir (Fiskistofa og Siglingastofnun) séu að halda opinberar skrár með tæknilegum upplýsingum um skip. Þetta getur leitt til misskilnings og misræmis t.d ef ekki eru notaðar sömu mælieiningar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Siglingastofnunar Íslands



Hermann Guðjónsson,  
forstjóri